

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Teiti Birni Einarssyni um löggæslukostnað í tengslum við skemmtanahald.

Við vinnslu svars við fyrirspurninni óskaði dómsmálaráðuneytið eftir upplýsingum frá öllum staðbundnu löggregluembættunum og byggjast svörin á þeim upplýsingum.

1. *Telur ráðherra tilefni til þess að setja samræmda gjaldskrá fyrir öll löggregluembætti þar sem kveðið er nánar á um innheimtu löggæslukostnaðar við skemmtanahald?*

Samræmd gjaldskrá hefur ekki enn þá komið til skoðunar, þrátt fyrir heimildarákvæði 7. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Kostnaður er breytilegur eftir tegund viðburða, tíma-setningu, hvernig nauðsynlegri gæslu er háttáð hverju sinni og fleira og því kynni það að vera vandkvæðum bundið að setja samræmda gjaldskrá enda gert ráð fyrir að löggregluembættin meti sjálf og rökstyðji þann aukakostnað sem hlýst af aukinni löggæslu í tengslum við viðburð.

2. *Hvernig er samræmi tryggt nú á milli níu löggæluembætta þannig að um sambærilegar skemmtanir og atburði gildi sömu reglur og kostnaður innheimtur með sambærilegum hætti?*

Meginreglan samkvæmt reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 1277/2016, er að kostnaður vegna löggæslu á skemmtun eða atburði greiðist úr ríkissjóði af viðkomandi löggreglustjóra, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 34. gr. reglugerðarinnar.

Ekki hefur verið sett sérstakt verklag hvað þetta varðar en í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald eru leiðbeiningar um hvað teljist hefðbundin almenn löggæslustörf og til hvaða kostnaðar hin aukna löggæsla getur náð, sbr. 34. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur jafnframt fram að heimilt er að kveða nánar á um gjaldtöku samkvæmt þessari grein í gjaldskrá sem ráðherra setur. Slík gjaldskrá hefur ekki verið sett líkt og kemur fram í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

3. *Hvernig er eftirliti háttáð með löggregluembættum svo að tryggt sé að samráð sé haft við umsækjendur, meðalhófs gætt og aðilum ekki íþyngt með kostnaði umfram það sem eðlilegt getur talist?*

Hér vísast meðal annars til IV. kafla laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, þar sem koma fram ákvæði um almennar stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra. Ekki er viðhaft sérstakt eftirlit hvað þennan þátt varðar og í því sambandi vísast til þess að löggreglustjórar hjá hverju embætti fara með löggreglustjórn á sínu svæði skv. 6. gr. löggreglulaga, nr. 90/1996.

4. Hvaða kostnaður hefur verið innheimtur, sundurliðað eftir löggregluembættum og viðburðum, við löggæslu skemmtana (samkvæmt tækifærисleyfi) sl. þrjú ár?  
Eftirgreint eru svör einstakra löggregluembætta við fyrirspurninni.

**Tafla 1. Innheimtur kostnaður við löggæslu við viðburði/skemmtanir, heildarupphæðir hvers árs eftir embættum.**

	2021	2022	2023
Löggreglustjórninn á Suðurlandi	0 kr. (COVID-19)	2.068.280 kr.	1.284.864 kr.
Löggreglustjórninn í Vestmannaeyjum	417.500 kr.	6.155.000 kr.	6.904.936 kr.
Löggreglustjórninn á Austurlandi	331.844 kr.	365.389 kr.	0 kr.
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki innheimt kostnað vegna aukinnar löggæslu í tengslum við skemmtanir sl. 3 ár.			
Lögreglan á Suðurnesjum hefur ekki innheimt kostnað vegna aukinnar löggæslu í tengslum við skemmtanir sl. 3 ár.			
Lögreglan á Vesturlandi hefur ekki innheimt kostnað vegna aukinnar löggæslu í tengslum við skemmtanir sl. 3 ár.			
Lögreglan á Vestfjörðum hefur ekki innheimt kostnað vegna aukinnar löggæslu í tengslum við skemmtanir sl. 3 ár.			
Lögreglan á Norðurlandi vestra hefur ekki innheimt kostnað vegna aukinnar löggæslu í tengslum við skemmtanir sl. 3 ár.			
Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur ekki innheimt kostnað vegna aukinnar löggæslu í tengslum við skemmtanir sl. 3 ár.			

**Tafla 2. Innheimtur kostnaður við löggæslu eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti löggreglustjórans á Suðurlandi.**

	Kótelettan, tónlistarhátið, Selfossi	Landsmót hestamanna, Hellu
2021	0 kr.	Á ekki við
2022	827.712 kr.	1.241.568 kr.
2023	1.284.864 kr.	Á ekki við

**Tafla 3. Innheimtur kostnaður við löggæslu eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti löggreglustjórans í Vestmannaeyjum.**

	Goslok <sup>1</sup>	Þjóðhátið <sup>2</sup>
2021	417.500 kr.	0 kr. (Covid-19)
2022	415.000 kr.	5.740.000 kr.
2023	608.936 kr.	6.296.000 kr.

<sup>1</sup> Stærsti hluti löggæslukostnaðar vegna goslokahátiðar er innheimtur á grundvelli samkomulags.

<sup>2</sup> Fjárhæð löggæslukostnaðar úr hendi samkomuhaldara þjóðhátiðar er samkvæmt samkomulagi og tekur mið af áætluðum kostnaði við aukna löggæslu á hátiðarsvæðinu sjálfa og í tengslum við hátiðina.

**Tafla 4. Innheimtur kostnaður við löggæslu eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti lögreglustjórans á Austurlandi.<sup>3</sup>**

	<i>Bræðslan Borgarfirði eystri</i>	<i>Franskir dagar – Fáskrúðsfjörður</i>	<i>LungA – Seyðisfjörður</i>	<i>Stöð í stöð – Stöðvarfjörður</i>
2021	86.568 kr.	86.568 kr.	86.568 kr.	72.140 kr.
2022	98.532 kr.	135.481 kr.	131.376 kr.	Ekki haldin þetta ár
2023 <sup>4</sup>	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.

5. *Hvaða kostnaður hefur fallið til við löggæslu einstakra skemmtana til viðbótar við sundurliðun skv. 4. tölul., hvaða hluti hans er innheimtur og hvernig er hann sundurliðaður eftir farandi útgjöldum:*

- a. laun löggreglumannna að teknu tilliti til launatengdra gjalda,
- b. dagpeningar löggreglumannna meðan á löggæslu stendur,
- c. kostnaður sem fellur til vegna aksturs um skemmtanasvæði,
- d. kostnaður vegna uppsetningar nauðsynlegs tækjabúnaðar, svo sem fjaraskiptakerfa eða síma- og tölvubúnaðar,
- e. kostnaður vegna uppsetningar nauðsynlegrar vinnuaðstöðu fyrir lögreglu, svo sem skúra eða annarra vistarvera?

Rétt er að taka fram að skv. 2. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þá á sá sem stendur fyrir skemmtun eða atburði sem aðgangur er seldur að með einum eða öðrum hætti að endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað er leiðir af aukinni löggæslu vegna þess, umfram það sem eðlilegt má telja.

Flest lögregluembættin gera þann fyrirvara við samantekt sína að ekki sé unnt með góðu móti að greina og sundurliða í smáatriðum allan þann kostnað sem fellur til við löggæslu í tengslum við einstaka viðburði. Ástæða þess sé sú að ekki sé unnt að gera skýran greinarmun á föstum kostnaði vegna almennrar löggæslu og tilfallandi kostnaði vegna viðburða. Jafnframt er sá fyrirvari gerður við samantektina að tiltaldir kostnaðarliðir séu ekki tæmandi og að í einhverjum tilfellum sé um áætlaðan kostnað að ræða, svo sem er varðar notkun öku-tækja og fleira.

**Tafla 5. Kostnaður semfell til við löggæslu sl. 3 ár eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.**

	<i>Goslok</i>	<i>Pjóðhátið</i>
2021	539.184	0 (COVID-19)
2022	562.128	11.607.137
2023	642.432	12.840.368

<sup>3</sup> Í töflunni má finna sömu heildarupphæð og í töflu 1, deilt á viðburði/skemmtanir sem innheimt var fyrir. Innheimtur kostnaður er lágor í samanburði við heildarkostnað af löggæslu. Skemmtanir/viðburðir síðustu ára hafa farið vel fram, samstarf við ábyrgðarmenn gott og gæsla til fyrirmynadar. Verkefni lögreglu þeim tengd hafa því verið fá og ekki stór eða alvarleg. Af þeim sökum var meðal annars ákvörðun tekin um það í fyrra að innheimta ekki kostnað það árið. Slík ákvörðun er háð endurskoðun og mati í samræmi við ákvæði 34. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Ákvörðun um innheimtu á þessu ári liggur ekki fyrir.

<sup>4</sup> Ákvörðun tekin um að innheimta ekki kostnað árið 2023. Slík ákvörðun er háð endurskoðun og mati í samræmi við ákvæði 34. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

**Tafla 6. Sundurliðun framangreinds kostnaðar hjá embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.**

	<i>Laun löggreglumannar að teknu tilliti til launatengdra gjalda<sup>5</sup></i>	<i>Dagpeningar löggreglumannar meðan á lög-gæslu stendur<sup>6</sup></i>	<i>Kostnaður vegna aksturs um skemmtanasaði<sup>7</sup></i>	<i>Kostnaður vegna uppsetningar tækjabúnaðar</i>	<i>Kostnaður vegna uppsetningar vinnuaðstöðu</i>
Goslok 2021	539.184	0	0	0	0
Þjóðhátið 2021 (ekki haldin v. COVID-19)	0	0	0	0	0
Goslok 2022	562.128	0	0	0	0
Þjóðhátið 2022	9.129.417	2.316.915	160.805	0	0
Goslok 2023	642.432	0	0	0	0
Þjóðhátið 2023	9.923.280	2.735.778	181.310	0	0

**Tafla 7. Kostnaður sem fell til við löggaðslu sl. 3 ár eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti lögreglustjórans á Austurlandi.<sup>8</sup>**

	<i>Bræðslan</i>	<i>Franskir dagar</i>	<i>LungA</i>	<i>Stöð í stöð</i>
2021	1.356.232 kr.	221.967 kr.	1.998.278 kr.	252.490 kr.
2022	1.149.540 kr.	194.778 kr.	2.003.152 kr.	Ekki haldin þetta ár
2023	3.005.664 kr.	412.472 kr.	2.730.344 kr.	401.520 kr.

**Tafla 8. Sundurliðun framangreinds kostnaðar hjá embætti lögreglustjórans á Austurlandi.<sup>9</sup>**

	<i>Laun löggreglumannar að teknu tilliti til launatengdra gjalda</i>	<i>Dagpeningar löggreglumannar meðan á lög-gæslu stendur<sup>10</sup></i>	<i>Kostnaður vegna aksturs um skemmtanasaði</i>	<i>Kostnaður vegna uppsetningar tækjabúnaðar</i>	<i>Kostnaður vegna uppsetningar vinnuaðstöðu</i>
Bræðslan 2021	1.182.708 kr.		84.000 kr.		
Franskir dagar 2021	169.857 kr.		39.200 kr.		
LungA 2021	1.742.607 kr.		42.000 kr.		
Stöð í stöð 2021	220.185 kr.		39.200 kr.		
Bræðslan 2022	880.740 kr.		95.592 kr.		
Franskir dagar 2022	175.770 kr.		44.610 kr.		
Lunga 2022	1.588.440 kr.		47.796 kr.		

<sup>5</sup> Laun með launatengdum gjöldum.

<sup>6</sup> Dagpeningar, hótel- og fæðiskostnaður.

<sup>7</sup> Ferðir til Vestmannaeyja, bílaleigubifreiðar og ferja.

<sup>8</sup> Í töflunni má sjá hver áætlaður kostnaður embættisins var árin 2021 til 2023 fyrir hvern viðburð/skemmtun hvers árs. Kostnaður er reiknaður út frá unnum klukkustundum, miðað við vaktatöflu og kostnaðaráætlun er gerð var í aðdraganda hvers viðburðar/skemmtunar. Kostnaður við hverja unna klukkustund miðast við útselda vinnu hvers árs.

<sup>9</sup> Töflur þessa liðar sýna kostnað við sömu viðburði/skemmtanir og tilteknar eru að framan, en miðað er við launakostnað í stað útseldrar vinnu. Launakostnaður er miðaður við yfirvinnulaun löggreglumanns í launaflokk 148, að teknu tilliti til launatengdra gjalda. Þá er áætlaður kostnaður vegna aksturs löggreglubíla.

<sup>10</sup> Annar kostnaður er ekki skráður hjá löggreglu í tengslum við nefndar skemmtanir/viðburði, en hvorki eru greiddir dagpeningar þessi ár né hefur kostnaður fallið til vegna uppsetningar tækjabúnaðar eða vinnuaðstöðu.

Stöð í stöð 2022		Ekki haldin þetta ár.		
Braðslan 2023	1.736.274 kr.		133.542 kr.	
Franskir dagar 2023	238.572 kr.		62.320 kr.	
LungA 2023	1.577.226 kr.		66.771 kr.	
Stöð í stöð 2023	231.945 kr.		62.320 kr.	

**Tafla 9. Kostnaður sem fíll til við löggæslu sl. 3 ár eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.<sup>11</sup>**

	<i>Biladagar á Akureyri júní</i>	<i>Verslunarmannahelgin – Ein með öllu á Akureyri</i>	<i>Fiskidagurinn mikli á Dalvík í ágúst</i>	<i>Mærudagar Húsavík</i>
2021	Upplýsingar liggja ekki fyrir.			
2022	Upplýsingar liggja ekki fyrir.			
2023	6.246.000 kr.	5.508.900 kr.	15.405.072 kr.	5.553.656 kr.

**Tafla 10. Sundurliðun framangreinds kostnaðar hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.**

	<i>Laun löggreglumannaað teknu tilliti til launatengdra gjalda</i>	<i>Dagpenningar löggreglumannaa meðan á löggæslustendur (matur)</i>	<i>Kostnaður vegna aksturs um skemmtanasvæði (akstur og bíla-kostnaður)</i>	<i>Kostnaður vegna uppsetningar tækjabúnaðar</i>	<i>Kostnaður vegna uppsetningar vinnumaðstöðu</i>
Bíladagar 2023	5.871.000 kr.	125.000 kr.	250.000 kr.		
Ein með öllu 2023	5.283.900 kr.	75.000 kr.	150.000 kr.		
Fiskidagurinn mikli 2023	12.802.752 kr.	235.000 kr.	531.800 kr.	1.835.520 kr.	

**Tafla 11. Kostnaður sem fíll til við löggæslu sl. 3 ár eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra.**

	2021	2022	2023	Heildartímafjöldi /kostnaður
Porrablót	12 klst.		124 klst.	136 klst.
Réttardansleikir		95 klst.	175 klst.	270 klst.
Eldur í Húnaþingi	12 klst.			12 klst.
Tækifærvisviðburðir		338,5 klst.	207 klst.	545,5 klst.
Samtals vinnustundir	24 klst.	433,5 klst.	506 klst.	963,5 klst.
Tímagjald að teknu tilliti til launatengdra gjalda	8.721 kr.	8.721 kr.	8.721 kr.	
Samtals kostnaður	209.304 kr.	3.780.554 kr.	4.412.826 kr.	8.402.684 kr.

<sup>11</sup> Ekki er kostnaður vegna allra viðburða tilgreindur þar sem umtalsverð vinna fer í að taka kostnaðinn saman aftur í tímann.

**Tafla 12. Kostnaður sem féll til við löggæslu sl. 3 ár eftir viðburðum/skemmtunum hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.**

	2021	2022	2023	Samtals
Menningarnótt	721 klst.	612 klst.	634 klst.	1967 klst.
Gleðigangan	60 klst.	92 klst.	267 klst.	409 klst.
17. júní	224 klst.	192 klst.	298 klst.	714 klst.
KSÍ (knattleikir)	522 klst.	240 klst.	864 klst.	1.626 klst.
	1.527 klst.	1.136 klst.	2.063 klst.	4.716 klst.
M.v. taxta á útseldri vinnu (11.472 kr.)	17.517.744 kr.	13.032.192 kr.	23.666.736 kr.	54.101.952 kr.